

Reglur um skólahverfi, umsóknir og innritun í grunnskóla Hafnarfjarðar 2025

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í grunnskóla Hafnarfjarðar en öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla í allt að 10 ár samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum. Samkvæmt sömu lögum er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í grunnskólalögum. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns samkvæmt barnalögum.

Það er foreldra að innrita börn í grunnskóla þegar þau hafa aldur til. Vanræksla á skráningu grunnskólavistar í grunnskóla fyrir barn með lögheimili í Hafnarfirði er barnaverndarmál og tilkynningaskyld. Það gildir sömuleiðis ef nemendur sækja ekki skóla án lögmætra forfalla þrátt fyrir að vera með skólavist.

Nemandi í grunnskóla í Hafnarfirði sem flyst milli skólahverfa með nýju lögheimili hefur sjálfkrafa skólagöngu í þeim skóla sem hann hefur þegar skólavist í og þarf umsókn og samþykki í nýjum skóla til að tilfærsla milli skóla eigi sér stað.

1. gr. Skólahverfi

Hafnarfjörður er eitt skólaumdæmi sem af skipulagsástandum er skipt upp í nokkra hluta. Í Hafnarfirði eru grunnskólar reknir af Hafnarfjarðarkaupstað að verða 10 og er bænum því skipt upp í tíu skólahverfi. Hver nemandi hefur sjálfkrafa aðgang að einum skóla eftir lögheimili sínu í skólahverfi sem búseta tengist:

Skólahverfin markast af eftirfarandi:

- **Áslandsskóli:** Áslandshverfi austan Ásbrautar og í norðri að Kaldárselsvegi.
- **Engidalsskóli:** Norðurbærinn sem afmarkast af Hafnarfjarðarvegi, Hjallabraut, Skjólvangi og Herjólfstrað.
- **Hamranesskóli:** Hamraneshverfi austan Ásvallabrautar. Tímabundin regla: Nemendur í Hamranesi munu hafa aðgang að Skarðshlíðarskóla meðan skólinn er í byggingu.
- **Hraunvallaskóli:** Svæði á Völlumum frá Reykjanesbraut inn að Ásvallabraut að Nóntorgi.
- **Hvaleyrarskóli:** Svæði sem markast af Hvaleyrarbraut, Ásbraut og Reykjanesbraut inn að álveri.
- **Lækjarskóli:** Hverfi sem markast af svæðinu innan Reykjavíkurvegar, Fjarðargötu, Lækjargötu og Reykjanesbrautar.
- **Setbergsskóli:** Svæði austan og norðan Reykjanesbrautar og að Kaldárselsvegi.



- **Skarðshlíðarskóli:** Skarðshlíðarhverfi. Tímabundin regla: Skarðshlíðarskóli mun taka við nemendum úr Hamraneshverfi meðan Hamranesskóli er í byggingu.
- **Víðistaðaskóli:** Norðurbærinn sem afmarkast af Hafnarfjarðarvegi, Hjallabraut, Skjólvangi, Herjólfsgötu og Vesturgötu/Norðurbakka.
- **Öldutúnsskóli:** Svæði innan Ásbrautar, Strandgötu, Lækjargötu og Reykjanesbrautar.

2. gr. Umsókn í grunnskóla Hafnarfjarðar

Umsókn um grunnskóla Hafnarfjarðar fer fram í gegnum **Mínar síður** á vef Hafnarfjarðar. Þeim sem ekki geta sótt um rafrænt er bent á þjónustuver bæjarins, Strandgötu 6, með aðstoð.

3. gr. Val um grunnskóla og meðferð umsókna

- 3.1.** Nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi eiga afdráttarlausan rétt á skólavist í hverfisskóla og hafa því forgang, ef skóli þarf að takmarka nemendafjölda. Aðeins er gert ráð fyrir að nemendi sé í einum grunnskóla þrátt fyrir sameiginlegt forræði fraskilda foreldra.
- 3.2.** Foreldrar geta óskað eftir því að nemandi stundi nám í öðrum grunnskóla innan sveitarfélagsins en búseta gerir ráð fyrir. Skal um það sótt til skólastjóra viðtökuskóla allt árið um kring og skulu skólastjórar leitast við að koma til móts við þær óskir. Þegar skólastjórar innrita fleiri nemendur í árgang en tilheyra skólasvæðinu, skulu þeir taka mið af húsnæði og fjárhagsáætlun skólans þegar þeir samþykkja skólavist nemenda. Ákvörðun skólastjóra um skólavist nemenda er stjórnsýslu-ákvörðun og skal ágreiningi um afgreiðslu vísað til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs sem sker úr ágreiningsefnum í samræmi við þessar reglur. Ákvörðun skrifstofu er kæranleg til menntamála- og barnamálaráðuneytisins.
- 3.3.** Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðun skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga. Afgreiðsla umsókna skal að jafnaði vera lokið innan mánaðar frá því að umsókn berst til skóla. Ef fyrrsjáanlegt er að afgreiðsla umsóknar muni tefjast upplýsir skólastjóri foreldra um ástæður tafanna og hvenær afgreiðsla er að vænta.
- 3.5.** Allir nemendur sem hafa skólavist í sama skóla, óháð lögheimili, eiga jafnan rétt á þjónustu innan skóla út frá þeim fjármunum sem skóli hefur til ráðstöfunar og viðhefur sjálfstæða forgangsörðun á þjónustu. Þjónusta gagnvart einstaka nemendum er ekki kæranleg til barna- og menntamála-ráðuneytis en kvörtunum um þjónustu skal beina til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs.
- 3.6.** Flytjist lögheimili nemenda milli skólahverfa innan Hafnarfjarðar hafa þeir áfram sjálfkrafa skólavistarrétt í þeim skóla sem þeir eru skráðir í, þ.e. skólatilfærsla gerist ekki sjálfkrafa sé nemandi að flytjast innan Hafnarfjarðar og þarf því að sækja sérstaklega um tilfærslu fyrir hann af foreldrum.

4. gr. Umsókn og innritun nemenda í 1. bekk grunnskóla

Tilkynning um hvenær hægt er að skrá nemendur í 1. bekk grunnskóla er send foreldrum í byrjun árs. Skráning fer fram í **Mínum síðum** á vef Hafnarfjarðar og ef sótt er um hverfisskóla nemanda berst

staðfesting um skráningu í skólann strax. Umsókn um nám í 1. bekk skal skilað fyrir 1. febrúar það ár sem nemandi á að hefja grunnskólanám.

Ef sótt er um annan skóla en hverfis-skóla er umsókn afgreidd þegar fyrir liggur fjöldi nemenda sem hefur lögheimili í viðkomandi skólahverfi og hefur valið skólann. Um meðferð umsókna fer skv. 3. gr. þessara reglna.

Hægt er að sækja um seinkun eða flýtingu á námi í grunnskóla. Um það gilda sérstakar reglur.

5. gr. Sjálfstætt starfandi grunnskólar

Hafnarfjarðarbær getur gert samkomulag við sjálfseignarstofnanir/fyrirtæki um rekstur grunnskóla að uppfylltum skilyrðum í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008 og annað regluverk sem tengist þeim. Við sjálfstætt rekna skóla sem starfa í umboði Hafnarfjarðarbæjar skal gerður sérstakur samningur þar sem nánari skilmálar um rekstur grunnskóla og framkvæmd skólastarfsins eru skilgreind. Árið 2018 eru tveir grunnskólar sem uppfylla þessi skilyrði, þ.e. Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði og Nú framsýn.

Hafnarfjarðarbær hefur rétt til að skilgreina hámarksfjölda nemenda sem hann samþykkir í einstaka sjálfstætt starfandi grunnskóla í samræmi við samning við viðkomandi skóla. Samþykki viðkomandi skóli inngöngu nemanda frá Hafnarfirði þurfa foreldrar að sækja sömuleiðis um þá skólavist á **Mínum síðum** á vef Hafnarfjarðar og fá skólavistina sem forsendu greiðslu skólagjalda af hálfu bæjarins í skóla utan sveitarfélagsins.

Foreldrar sem velja sjálfstætt starfrækta grunnskóla fyrir barn sitt þurfa alltaf að greiða skóla-/dvalargjöld í samræmi við ákvarðanir viðkomandi skóla og samninga við bæjaryfirvöld óháð greiðslu bæjaryfirvalda í Hafnarfirði til skólanna. Þetta á við um sjálfstætt starfandi grunnskóla utan Hafnarfjarðar þar sem innan Hafnarfjarðar eru engar foreldragreiðslur (í NÚ og Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði.)

Börn á grunnskólaaldri í Hafnarfirði hafa ekki aðgengi að sjálfstætt starfandi grunnskóla utan bæjarins ef ekki er um að ræða samning við skólann af hálfu bæjarins eða því regluverki sem gildir um sjálfstætt starfandi skóla. Sömuleiðis getur bærinn hafnað skólavistarbeiðnum í sjálfstætt starfandi skóla ef bærinn sinnir sömu verkefnum og viðkomandi skóli.

6. gr. Umsókn í sérdeildir við grunnskóla Hafnarfjarðar

Hafnarfjarðarbær hefur möguleika á að starfrækja sérdeildir eins og hann telur þörf fyrir á hverjum tíma. Foreldrar barna á grunnskólaaldri með lögheimili í Hafnarfirði hafa möguleika að sækja um sérdeildir fyrir barn sitt uppfylli það skilyrði og laus pláss eru til staðar. Sérdeildir eru, óháð búsetu í bænum, skólaúrræði fyrir nemendur með mjög sérhæfðar náms- og þroskatengdar þarfir. Sérhver

sérdeild skal tengjast einum grunnskóla sem annast allan rekstur hans og faglegt starf. Sérstakar innritunarreglur gilda um sérdeildirnar sem kveða nánar á um skipulag og starfshætti þeirra.

Umsóknir um sérdeildir skulu berast fyrir 1. febrúar árlega á sérstökum umsóknarformum sem eru aðgengileg í grunnskólum og afstaða skal taka til umsóknanna eigi síðar en 15. mars fyrir komandi skólaár.

Í sérstökum tilvikum er skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar mögulegt, í sem mestu samráði við foreldra og barnavernd bæjarins, að vista nemendur tímabundið í úrræði á vegum bæjarins. Það er í undirtekningartilvikum til að fást við flókinn vanda þegar barn er ekki hæft til þátttöku í daglegu skólastarfi grunnskóla sökum alvarlegra brota á skólareglum og vegna áhættu- og/eða ofbeldishegðunar. Það er gert á þeirri forsendu að fræðslufirvöldum bæjarins sé skylt að tryggja öllum nemendum skólavist á hverjum tíma og að hafa skólaúrræði við hæfi fyrir alla nemendur.

7. gr. Umsókn í grunnskóla (sérdeildir meðtaldar) og sérskóla utan Hafnarfjarðar

Foreldrar barna á grunnskólaaldri með lögheimili í Hafnarfirði hafa möguleika að sækja um (sér)skóla eða sérdeild í grunnskóla utan Hafnarfjarðar fyrir börn sín ef þau uppfylla skilyrði sem viðkomandi skóli gerir (t.d. Klettaskóla eða deild fyrir heyrnarskerta í Hlíðarskóla). Það á líka við að sækja um almennan grunnskóla utan Hafnarfjarðar, hvort sem hann er rekinn af öðrum sveitarfélögum eða er sjálfstætt starfræktur grunnskóli. Sótt um til viðkomandi skóla án aðkomu bæjaryfirvalda í Hafnarfirði. Samþykki viðkomandi skóli inngöngu nemanda með lögheimili í Hafnarfirði þurfa foreldrar að sækja sömuleiðis um þá skólavist á **Mínum síðum** á vef Hafnarfjarðar og fá skólavistina staðfesta/samþykkt af bænum sem forsendu greiðslu skólagjalda af hálfu bæjarins í skóla utan sveitarfélagsins.

8. gr. Tilfærsla milli grunnskóla Hafnarfjarðar

Vilji foreldrar að barn þeirra fari í annan grunnskóla innan bæjarins sækja þeir um flutning á milli viðkomandi skóla á **Mínum síðum** á vef Hafnarfjarðar. Fram að tilfærslu er barn áfram í fyrri skóla og ekki er hægt að segja barn úr einum grunnskóla án þess að það hafi skólavist í öðrum skóla, hvort heldur innan bæjarins eða grunnskóla á annarra vegum. Skóli sem sótt er um samþykkir eða synjar umsókn til samræmis við 3. gr. þessara reglna.

9. gr. Nemendur með lögheimili í öðrum sveitarfélögum

Óski foreldrar grunnskólanemanda með lögheimili utan Hafnarfjarðar eftir að hann sæki grunnskóla í Hafnarfirði er farið með beiðnina í samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga á hverjum tíma þar um. Óskin um skólavist skal berast viðkomandi skóla í tölvupósti ef ekki tekst að skrá slíkt á **Mínum síðum** á vef bæjarins.

10. gr. Fjármál

Skólar fá fjármagn til kennslu nemenda sinna með úthlutunum fyrir 1. apríl á ári hverju, bæði til almennrar kennslu og kennslu nemenda með sérþarfir. Er gert ráð fyrir að þá liggi að mestu fyrir með nemendafjölda í hverjum skóla á komandi skólaári. Úthlutanir til skóla gilda í eitt skólaár. Komi

nemendur eða færast nemandi milli skóla innan skólaársins fylgir honum ekki fjármagn milli skóla eða nýjar fjárhútlutanir nema í undantekningartilvikum, þ.e. ef nýr nemandi þarfnast mjög sértæks stuðnings. Allar úthlutanir fara fram á vegum skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs.

11. gr. Skólaakstur/strætófargjald

Grunnskólanemendur með lögheimili í Hafnarfirði eiga aðeins rétt á skólaakstri/strætófargjaldi ef nemandi hefur fengið skólavist í sérskóla eða sérdeild utan bæjarins eða innan sveitarfélagsins ef sérdeild er utan skólahverfis nemanda eða fjær en 1,2 km frá heimili nemanda búi hann í sama skólahverfi og sérdeildin sem skólanum tilheyrir. Aðrir nemendur hafa ekki rétt á skólaakstri, hvort sem þeir eru í skóla í sínu skólahverfi, hafa valið aðra grunnskóla bæjarins, grunnskóla í öðrum sveitarfélögum eða sjálfstætt starfandi grunnskóla. Sérstakar reglur eiga við um skólaakstur fatlaðra barna á grunnskólaaldri en meginreglan er sú að mennta- og lýðheilsusvið greiðir allan grunnskólaakstur fatlaðra barna.

12. gr. Upplýsingagjöf mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar

Í kynningarefni og á vef Hafnarfjarðar skal koma skýrt fram að foreldrar nemenda hafi val um grunnskóla með þeim fyrirvörum sem um getur í 3. gr. og vakin athygli á því að unnt sé að velja sjálfstætt starfandi grunnskóla sömuleiðis (sjá 5. og 6. gr.).

13. gr. Álitamál

Leiðbeinandi sjónarmið almennt til foreldra og skóla varðandi skólavist eru þessi:

Barn á grunnskólaaldri með lögheimili í Hafnarfirði getur aðeins verið skráð í einn grunnskóla á hverjum tíma óháð því hvort barn hafi búsetu á tveimur heimilum eða jöfn forsjá er hjá foreldrum.

Barn á grunnskólaaldri sem hefur búsetu í Hafnarfirði, án þess að hafa lögheimili á Íslandi, skal að öllu jöfnu sækja skóla og fá þjónustu út frá búsetu sinni.

Barn á grunnskólaaldri sem á lögheimili í Hafnarfirði en dvelur erlendis yfir lengri tíma skal að öllu jöfnu sækja grunnskóla í viðkomandi landi. Í sumum tilvikum er mögulegt að veita undanþágu á skólasókn frá grunnskólum Hafnarfjarðar þótt dvalið sé í útlöndum vegna sérstakra aðstæðna eins og tímabundinnar dvalar, ef ekki er um fasta búsetu erlendis að ræða og mögulega vegna fleiri atriða. Um slíkt skal sótt til skólastjóra þess grunnskóla sem nemandi var í áður en hann flutti til útlanda. Hafnarfjarðarbær ber þó aldrei kennsluskyldur undir formerkjum fjarnáms í slíkum tilvikum og allt nám er þá á ábyrgð foreldra. Það er ákvörðun viðkomandi grunnskóla hvernig námsmati nemanda er háttað í slíkum tilfellum.

Ef nemandi flytur í annað sveitarfélag á Íslandi en Hafnarfjörð, eða til útlanda, skal hann færa lögheimili sitt. Um leið fellur sjálfkrafa niður réttur til skólagöngu í grunnskólum Hafnarfjarðar. Nemandinn verður aðeins virkur í síðasta grunnskóla í Hafnarfirði að nýtt lögheimilissveitarfélag annist greiðsluskyldu í samræmi við lögheimilisfesti og gjaldskrá milli sveitarfélaga á grunnskólagöngu og umsókn fyrir nemanda komi frá foreldrum þeirra og skólastjórnendur samþykka.

Barn skal vera fjarverandi frá skóla þegar það á ekki sækja daglegt skólastarf sökum veikinda eða sjúkdóma, til skemmri eða lengri tíma, eða annarra eðlilegra ástæðna fyrir að sækja ekki skóla einstaka skóladaga. Undir slíka skilgreiningu falla þó ekki tilvik þar sem börn eru tekin úr skóla til að vera í fríum, með fjölskyldum sínum, skóladaga sem eru hluti af skóladagatali grunnskóla á skólatíma. Ábyrgð foreldra er að sjá til þess að börn þeirra sækji skóla alla daga líkt og skóladagatal hvers grunnskóla býður og skilyrði laga um nám í grunnskóla kveða á um, nema veikindi nemenda hamli viðkomandi daga í samræmi við opinber fyrirmæli.

Barn er fráverandi skóla, af hvaða ástæðum sem er, þegar það sækir ekki daglega kennslu án þess að líkamleg veikindi/sjúkdómar, brot á skólareglum sem kveða á um brottrekstur, tímabundinn eða ótímabundinn, eða önnur sambærileg tilefni hamli. Barn í skólafráveru hefur í reynd skólasóknarskyldur líkt og önnur börn en er frá skóla án samþykkis skóla. Skólar skulu vinna með fjölskyldum að því að búa til sem heppilegast námsumhverfi nemenda í skólafráveru á hverjum tíma, en fjölskylda barna mun alltaf hafa mikla ábyrgð á námi barna sinna sem eru í fráveru, m.a. kennsluskyldur í samráði við skóla. Barn í skólafráveru skal tilkynnt til Barnaverndar Hafnarfjarðar í samræmi við skólasóknarreglur sem í gildi eru fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar á hverjum tíma og um leið teljast þau vera fráverandi frá skóla í stað þess að vera fjarverandi þegar þau falla undir hættustig í skólasóknarreglum.

14. gr. Skólavistarvöktun

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar er með vöktun á lögheimilisskráningu barna í upphafi hvers skólaárs til að tryggja að öll börn á grunnskólaaldri með lögheimili í Hafnarfirði séu með skólavist á vegum bæjarins, það er í grunnskólum bæjarins eða öðrum skólum sem bærinn hefur samþykkt í einstaka tilvikum.

Reglurnar voru samþykktar í fræðsluráði Hafnarfjarðar þann 28. maí 2025.